

# Píla pína

## Fyrsti kafli Músapörpið Lyngbrekka

Einu sinni var lítill mús.

Hún hét Píla pína.

Raunar var hún aðeins skírð Píla af því hún var snemma fljót og fim og þaut um alveg eins og píla. En hún fékk viðurnefnið pína því að hún var svo smávaxin og miklu minni en allir jafnaldrar hennar.

Við fáum að heyra ýmislegt um þessa litlu mús. En fyrst verðum við að kynnst ofurlítið foreldrum hennar og fæðingarþorpi.

Eins og allir vita búa hagamýsnar nokkrar saman og þorpið sem við fræðumst um hét Lyngbrekka. Brekkan lá sunnan í ofurlítilli hæð. Að baki hennar voru aðrar hæðir og lengra í burtu há fjöll. Allt líf sem bjó í skjóli þessara fjalla lofsöng þau og sólin roðaði þau á morgnana og hneig að baki þeirra á kvöldin.

Þetta var í falletum dal á Norðurlandi. Eftir honum endilöngum rann áin djúpa sem safnaði í sig ótal þverlækjum og lindum á leið sinni til hafs.

Við brekkuræturnar streymdi lítill lækur á leið til árinna eins og hinir.

Hann hét vitanlega Lyngbrekkulækur.

Hann rann milli lágra bakka og sums staðar náði gróðurinn alveg niður að vatninu og teygði rætur sínar út í það.

Á sumrin var Lyngbrekka ákaflega falleg að sjá, gróðurinn var svo fjölbreyttur.

Þar óx bláberjalyng, krækiberjalyng og hrútaberjalyng.

Og síðast en ekki síst, blessað sortulyngið sem er ávaxtatré músanna.

Þar óx líka gulvíðir, grávíðir og loðvíðir, nokkrar lágar birkihríslur og fjölbreytt úrval blóma og grasa. Hins vegar sá enginn að þarna væri byggð þar sem margar fjölskyldur ælu aldur sinn. Hagamýsnar grafa nefnilega húsin sín inn í þúfur og börð. En væri grannt að gáð mátti sjá litlar holur hér og þar milli lyngbrúskanna.

Við getum kallað þær bæjardyr músanna. Það vantaði bara varinhellu svo það væri eins og hjá okkur í gamla daga.

Faðir Pílu pínu hét Mangi og hafði viðurnefnið moldi. Einn af forfeðrum hans hafði heitið svo.

Mangi var mjög stoltur af þessum fyrsta molda vegna þess að hann átti að hafa verið skáld og einnig mikill söngvari.

Mangi moldi var ekki laus við dálítið ættardramb og þóttist fremri öðrum músum í þorpinu vegna þess. Hann gleymdi því stundum að allar mýsnar þarna voru af sömu forfeðrum komnar og því engin ættgöfgari en önnur.

Konan hans Manga molda hét Gína. Það var virkilega góð mús og móðir og sérstaklega virt sem mikil húsfreyja. Allar mýs í Lyngbrekkuþorpi litu upp til hennar fyrir þrifnað og ráðdeildarsemi. Kalla þó mýs ekki allt ömmu sína í þeim efnum.

En Gína var eina músin í þorpinu sem var aðflutt. Hún gat heldur ekki gortað af ætt sinni því hvorki hún né nokkur annar vissi hverra músa hún var.

Hún hafði satt að segja borist til Lyngbrekkuþorps á mjög óvenjulegan hátt. Yfir fortíð hennar hvíldi mikil dul.

Það var einhverju sinni er Mangi moldi var unglingur að hann lék sér niður við lækinn sem var þá í vexti því að það hafði rignt mikið. Þá kom hann auga á einhverskonar fleka sem rak með straumnum og á honum sat lítil, skrýtin hrúka.

Hann heyrði angistarfullt tíst og væl:

„Hjálp! Hjálp!“

Mangi fór nú að athuga þetta betur og þegar straumurinn kastaði flekanum að landi sá hann að á honum kúrði ofurlítill og vesældarleg músarmey. Hún var skjálfsandi af kulda og að dauða komin af hungri, þessi aumingi.

Mangi sá strax að þessi aðkomumús var ekki alveg eins og heimamýsna í útliti. En hann vorkenndi henni og fór með hana heim til foreldra sinna og systkina. Þarna var litlu músinni vel tekið og hjá þessum músum ólst hún upp.

En það kom á daginn að gestmúsinn litla mundi ekkert hvaðan hún kom eða hverjir voru foreldrar hennar. Hún vissi það eitt að hún hét Gína og hafði borist langa leið ofan úr hæðunum hingað niður. Hve lengi hún hafði verið á leiðinni hafði hún enga hugmynd um.

„Hún hefur misst minnið af skelfingu, vesalingurinn,“ sögðu gömlu mýsna. „Það er ekki fyrir börn að lenda í slíkum raunum.“

En það átti þó eftir að koma á daginn að Gína hafði ekki gleymt alveg öllu úr fortíð sinni.

Einhvers staðar í undirvitund hennar ómaði gamalt stef.

Hún heyrði það syngja fyrir eyrum sér en hún gat ómögulega seitt það fram á varirnar, lengi vel.

Svo var það einn bjartan dag er gömlu mýsna lágu fyrir í holu sinni og dormuðu að Gína fór að syngja silfurskærri röddu þetta einfalda vers sem enginn kannaðist við í Lyngbrekkuborpi. Seinna lærðu það þó allir.

Gína söng versid undir lagi sem ekki líktist neinum þeim lögum er þarna voru kunn. Það var raunar bæði sálmur og vöggulag.

Hún Gína átti eftir að syngja það oft á ævi sinni, bæði í blíðu og stríðu:

Sé úti kalt og engan mat að fá,

hvað eiga litlar mýs að gera þá?

Að biðja ljóssins helgu músa-móður

og músa-föður, sem er öllu góður,

að veita björg í bú.

Allt bjargast fyrir trú!